

Ertu með tvær staðsetningar?

Síðast uppfært 10/09/2026 2:15 pm BST

Ef fyrirtæki býður upp á þjónustu á fleiri en einum stað eru tvær leiðir til þess að setja það upp í Noona HQ:

1. Stofna sér útibú fyrir hverja staðsetningu.
2. Nota svæði til að halda utan um fleiri en eina staðsetningu á sama Noona HQ aðgangi.

Hvaða leið hentar best fer eftir starfseminni og hversu reglulega er tekið á móti viðskiptavinum á hvorum stað.

Leið 1: stofna útibú

Við mælum með að stofna útibú fyrir stærri fyrirtæki sem eru með fasta starfsemi á tveimur eða fleiri stöðum.

Þegar nýtt útibú er stofnað verður til nýr Noona HQ aðgangur með eigin:

- Noona prófil og staðsetningu
- Þjónustulista
- Starfsfólki
- Opnunrtímum
- Uppsetningu
- Stillingum

Hægt er að tengja útibúin saman undir einni keðju og fletta auðveldlega á milli þeirra í Noona HQ. Á Noona markaðstorginu geta þau bæði birst saman sem keðja eða í sitt hvoru lagi.

Þú getur skoðað þessa leið betur í gegnum [þessa hjálparein](#).

Þar sem útibú er nýr Noona HQ aðgangur, þá gildir sama verðskrá fyrir hann eins og fyrri aðganginn.

Leið 2: Nota svæði

Ef um er að ræða einyrkja eða einn starfsmann sem vinnur að mestu á einum stað en tekur öðru hverju á móti viðskiptavinum annars staðar getur verið hentugra að nota svæði.

Þessi leið getur til dæmis hentað starfsmanni sem tekur á móti viðskiptavinum úti á landi nokkrum sinnum í mánuði en vill halda öllum bókunum á sama Noona HQ aðgangi.



Mikilvægt að hafa í huga!

Þegar svæði eru notuð eru báðar staðsetningarnar undir sama Noona prófilnum. Það þýðir að aðeins ein aðalstaðsetning og eitt heimilisfang birtist á prófil fyrirtækisins á Noona.


Viðbótarstaðsetningin fær því ekki sérstakan prófil á markaðstorginu. Upplýsingar um hana þurfa því að koma skýrt fram í heiti þjónustunnar og í staðfestingartölvupósti eða SMS-skilaboðum.

Ef fyrirtækið er með fasta og reglulega starfsemi á báðum stöðum mælum við almennt með því að stofna sérstakt útibú fyrir hvora staðsetningu.


Hvernig er uppsetningin?

Til að aðgreina staðsetningarnar mælum við með eftirfarandi uppsetningu:


1. Byrjar á að stofna svæði fyrir viðbótarstaðsetninguna. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Svæði -> +Bæta við**.
2. Nú ertu komin með sér dagatal fyrir staðsetninguna þar sem bókanir koma inn og getur stillt vinnutíma og sett inn frítíma á dagatalið til að skilgreina opnunartímann á þessari staðsetningu.
3. Næst stofnar þú **yfirflokk** í **þjónustulistanum** fyrir hvora staðsetningu og láttu heiti flokksins vísa til staðsetningarinnar. T.d. Reykjavík og Akureyri.



4. Stofnaðu sérstakar **þjónustur** fyrir hvora staðsetningu og settu þær undir **viðeigandi yfirflokk**.
5. Tengdu þjónusturnar á staðsetningunni við svæðið. Það er gert með því að fara í **valmyndina -> þjónustur -> smellir á þjónustuna -> netbeiðnir ->** og velur það svæði sem á við undir **netbeiðnastillingar**



Þegar þetta er komið þá lítur þetta svona út (sjá mynd fyrir neðan) þegar viðskiptavinurinn fer að bóka tíma og bókanirnar ættu að fara á viðeigandi dagatal eftir því hvaða þjónustu viðskiptavinurinn velur.




Smelltu [hér](#) til að læra meira um svæði.

Upplýsingar til viðskiptavina


Þegar svæði eru notuð er mikilvægt að tryggja að viðskiptavinurinn viti á hvaða staðsetningu hann á bókaðan tíma.

Hægt er að sérsníða staðfestingartölvupóst og SMS-skilaboð fyrir hverja þjónustu og bæta þar við upplýsingum um staðsetningu og heimilisfang. Einnig er gott að láta staðsetninguna koma skýrt fram í heiti eða lýsingu yfirflokksins og þjónustunnar.

- Til þess að bæta þessum upplýsingum í staðfestingartölvupóstinn er farið í **Valmyndina** -> **þjónustur** -> smellir á viðeigandi **þjónustu** -> **Netbeiðnir** og bætir þar við texta undir "**Staðfestingarskilaboð**".



- Til þess að bæta við upplýsingum í sms skilaboðin fyrir tiltekna þjónustu ferð þú í **Valmyndina** -> **Áminningar** -> smellir á bláa **plús takkann** -> **Sértæk áminning** -> og velur þar **þjónustuna** sem þú vilt að þessi áminning sendist fyrir og breytir einnig textanum undir "**Skilaboð**".



Gangi ykkur vel og ekki hika við að hafa samband í gegnum bláu spjallbúubluna ef að þið hafið frekari spurningar ♥